

## Dýrin í Norðfirði – Litabók

### Aðeins um verkefnið

Ég ákvað að gera litabók vegna þess að mér hefur alltaf þótt gaman að teikna og lita og með árunum hef ég orðið betri í því. Litabókin er ætluð börnum og hún inniheldur blaðsíður til að lita og í henni eru líka blaðsíður með teiknaðri og litaðri mynd af hverju dýri og smá fræðslutexti um hvert dýr sem að gerir hana einstaka. Þemað í verkefninu er Norðfirsk dýr svo þetta eru dýr sem finnast í firðinum. Í bókinni eru heiðlóa, æðarfugl, grágæs, jaðrakan, spói, rjúpa, refur, hvalur, selur og þorskur.

Sum dýrin sjást hér meira en önnur t.d. sést æðarfugl miklu meira hér í firðinum en hvalur og selur. Mig langaði ekki bara að hafa fugla svo ég ákvað að setja dýr sem sjást ekki eins mikið eins og hval og sel. Hugmyndina að þemanu fékk ég sjálf með fjörðinn og náttúruna í huga.

### Ferlið

Ég byrjaði á því að finna 10 dýr sem hægt er að finna í Norðfirði og notaði svo Internetið til að finna nokkrar ljósmyndir af hverju dýri til að sjá hvernig þau eru á litin og í laginu og þess háttar.

Síðan teiknaði ég tvær myndir af hverju dýri og litaði aðra þeirra með eins nákvæmum litum og munstrum og hægt var. Sumar myndirnar voru kámugar eftir að stroka út línur svo ég notaði ljósaborð til að draga í gegn þær myndir sem þurftu á því að halda og fór svo í línurnar með penna.

Þegar allar myndirnar voru tilbúnar fór ég með þær út í dagsbirtuna og tók myndir á símann minn af myndunum. Svo fór ég að leita að forriti og Adobe Express varð fyrir valinu. Í forritinu notaði ég tólið „remove background“ sem eyðir bakgrunninum af myndum og gefur manni því hreinan bakgrunn og skilur bara dýrið eftir. Þá ákvað ég að hafa ekki hvítan bakgrunn heldur nota liti sem væri í umhverfi þessara dýra t.d. grænt fyrir landdýr eins og lóu og jaðrakan en blátt eins og hafið fyrir æðarkollur og hvalinn.

Svo var komið að því að eyða bakgrunninum af hvítu myndunum mínum sem ætlaðar eru fyrir börn að lita. Það reyndist erfitt því aðeins línurnar áttu að vera eftir og ekki var nóg fyrir forritið að hafa nokkrar svartar línur til að fjarlægja bakgrunninn af. Þá prófaði ég að fara í „enhancements“ og prófa mig áfram með contrast og highlights og tókst mér með því að lýsa bakgrunn myndanna en hafa línurnar ennþá dökkar.

Eftir að ég kláraði að gera myndirnar byrjaði ég að skrifa textanna um dýrin og fékk ég heimildir af fuglavefnum, fiskibókinni og vísindavefnum. Að því loknu setti textana inn á myndirnar og setti það fallega upp og lagaði myndirnar og textana til eftir þörfum.

Síðan gerði ég forsíðu bókarinnar með því að taka nokkur af teiknuðu dýrunum og setja í eitt skjal. Eftir að ég notaði „remove background“ á allar myndirnar af dýrunum sem ég vildi hafa á forsíðunni fann ég mynd úr páskahelli þegar ég skrifaði „Norðfjörður“ í leitarglugga í forritinu. Myndin úr páskahelli hentaði mjög vel fyrir forsíðuna vegna þess að þar var bæði gras og sjór svo ég gat bæði notað landdýr eins og ref, heiðlóu og jaðrakan ásamt sel, hval og æðarfugla.

Eftir þetta gerði ég innanverða baklið bókarinnar þar sem eru þakkarorð og fleira.

Að lokum þegar ég var orðin ánægð með allar síðurnar og búin að passa að allar myndir eru réttar fyrir prentun sendi ég bókina í prentun hjá Héraðsprenti.

### **Lokaorð**

Þetta verkefni er langt frá því að vera það sem ég ímyndaði mér í byrjun annar en ég er mjög ánægð með lokaútkomu verkefnisins og mér finnst það mun flottara en ég hefði getað ímyndað mér. mikill tími fór í verkefnið og vonandi munu einhver börn dunda sér við það að lita myndirnar.

### **Heimildarskrá**

Grágæs. (e.d.). *Fuglavefurinn*. Sótt 24. apríl 2023 af <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=7&id=30>

Heiðlóa. (e.d.). *Fuglavefurinn*. Sótt 24. apríl 2023 af <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=6&id=8>

Jaðrakan. (e.d.). *Fuglavefurinn*. Sótt 24. apríl 2023 af <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=6&id=11>

Jón Gunnar Þorsteinsson. (07.03.2008). Úr hverju þróuðust hvalir?. Vísindavefur. Sótt 24. apríl 2023 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=7191>

Landselur. (e.d.). *Selasetur Íslands*. Sótt 24. apríl 2023 af <https://selasetur.is/is/selir-vid-island/landselur-phoca-vitulina/>

Páll Hersteinsson. (16.02.2000). eru til margar tegundir af refum á Íslandi og hverjar eru þær?. *Vísindavefurinn*. Sótt 24. apríl 2023 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=109>

Rjúpa. (e.d.). *Fuglavefurinn*. Sótt 24. apríl 2023 af <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=2&id=54>

Spói. (e.d.). *Fuglavefurinn*. Sótt 24. apríl 2023 af <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=6&id=10>

Þorskur. (05.09.2015). *Fiskbókin*. Sótt 24. apríl 2023 af <https://fiskbokin.is/botnfiskar/thorskur/>

Æðarfugl. (e.d.). *Fuglavefurinn*. Sótt 24. apríl 2023 af <https://fuglavefur.is/birdinfo.php?val=7&id=37>